



Fundargerð  
Aðalfundar Íslenska Pílukestambandsins  
Dagsetning 25. Janúar 2017  
Tangarhöfða 2, Reykjavík  
Fundur settur 19.19

Mættir á fund:

Á staðnum: Óskar Finnbogason, Vitor Charrua, Guðmundur Friðbjörnsson,  
Friðrik Diego, Björgvin Sigurðsson, Jónas Sigurðsson, Hallgrímur Egilsson, Rúnar  
Árnason, Ingibjörg Magnúsdóttir, Rikka Guðjónsdóttir.  
Á skype: Ólafía Guðmundsdóttir, Petrea Friðriksdóttir

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
  - a. Fundarstjóri: Ingibjörg Magnúsdóttir
  - b. Fundarritari: Rikka Guðjónsdóttir
2. Skýrsla stjórnar
  - a. Ingibjörg Magnúsdóttir kynnir skýrslu stjórnar  
Hægt að skoða hana hér:
3. Gjaldkeri leggur fram skoðaða reikninga
  - a. Friðrik Diego leggur fram skoðaða reikninga.  
Hægt að skoða þá hér:
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
  - a. Engar athugasemdir við skýrslu stjórnar
  - b. Athugasemdir við reikninga:
    - i. Athugasemd var gerð við uppsetningu reikninga. Óskir um frekari sundurliðun útgjalda og innkomu og greiðari aðgang að þeim upplýsingum.
    - ii. Fyrirspurn um ákvörðanatöku við básagerð. Var svo dýr aðgerð framkvæmd með samþykki stjórnar að vel ígrunduðu máli? Svar: Ávörðun var lengi rædd, tekinn upp á stjórnarfundi og samþykkt.
  - c. Reikningar bornir undir atkvæði
    - i. Samþykktir einróma
5. Ákvörðun árgjalds
  - a. Lagt var til að árgjald árið 2018 myndi hækka í 3000kr.
  - b. Ekki er hægt að vera skráður í Í.P.S nema að vera skráður í gegnum aðildarfélag.
6. Lagðar fram tillögur að lagabreytingum
  - a. Guðmundur Friðbjörns lagði til að sett væri sé í lög Í.P.S hvenær Íslandsmót myndu haldin. Ingibjörg taldi það ekki heyra undir lög Í.P.S. En hægt væri að gera sér ákveðið verkferli, og setja þetta inn í Reglugerð um Íslandsmót. Stjórn tekur þetta til skoðunar og fer í þetta sem annað mál.
  - b. Lagabreytingar bornar undir atkvæði-
    - i. Engar breytingar til að kjósa um

10mín hlé gert á fundi.

7. Aðrar tillögur

- a. Guðmundur Friðbjörns kemur með tillögu að mótshald verði sett í reglugerð s.s. framkvæmd móta og skipulag, ásamt því að herða reglur og tímasetningar.

Ingibjörg svarar: það mál er nú þegar í vinnslu, og hægt og rólega er verið að herða og setja stífara skipulag. Þetta er ekki gert með skelli, því gefa þarf einstaklingum kost á að venjast hertari reglum.

- b. Aðrar tillögur bornar undir atkvæði
  - i. Ekkert til að kjósa um

8. Kosning stjórnar – gjaldkeri, varaforsetni og meðstjórnandi

- a. Varaforseti: Hallgrímur Egilsson
- b. Gjaldkeri: Jóhanna Bergsdóttir
- c. Meðstjórnandi: Ólafía Guðmundsdóttir
- d. Varamaður- Ingibjörg fékk umboð til þess að finna einstakling í þessa stöðu, Reykjanesbær hefur von um að Kristján Helgi vilji taka þessa stöðu að sér.
- e. Endurskoðandi Reikninga: Guðrún Þórðadóttir
  - i. Allt samþykkt einróma

9. Önnur mál

- a. Rúnar þakkar stjórn fyrir vel unnin störf.
- b. Stjórn Í.P.S kynnir að á Íslandsmótum 2017 verða medalíur og peningaverðlaun. Áfram verða farandbikarar, sem nýta skal í myndatökur. Upphæð fer eftir fjölda þátttakanda. Fyrirspurn frá Friðrik: áhyggjur af efnahagi Í.P.S og hvort hægt sé að standa undir því að hafa peningaverðlaun. Svar: Bikarar eru mjög dýrir og á hverju móti höfum við verið að eyða 60.000-80.000 í bikara. Það má því vel nýta þann pening í peningaverðlaun.

Fundi slitið 21.05